hafa að geyma ákveðnar tillögur um úrbætur í umferðaröryggismálum er nefndinni rétt að vekja sérstaka athygli viðeigandi aðila á innihaldi þeirra.

7. gr.

Varsla málsgagna.

Rannsóknarnefndin skal varðveita í öruggum geymslum gögn sem þýðingu hafa við rannsókn máls.

Meðferð og vinnsla nefndarinnar á persónuupplýsingum skal vera í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga með síðari breytingum. Skal nefndin setja sér sérstakar reglur í því skyni.

8. gr.

Sérstakar skyldur forstöðumanns.

Forstöðumaður ber ábyrgð á og stjórnar daglegum rekstri nefndarinnar. Hann sér til þess, að rannsóknaraðferðir nefndarinnar séu byggðar á vísindalegum grunni og að rannsóknargögn séu varðveitt á ábyrgan hátt.

Forstöðumaður ber ábyrgð á fjármálum og bókhaldi nefndarinnar, þ. á m. að starfsemi nefndarinnar sé í samræmi við það sem fjárveitingar nefndarinnar leyfa. Hann skal gera fjárhagsáætlun fyrir starfsemi nefndarinnar hvert ár í samráði við formann nefndarinnar. Fjárhagsáætlun skal kynnt nefndinni áður en hún er send til samgönguráðuneytisins. Forstöðumaður ber ábyrgð á gerð ársreiknings nefndarinnar.

9. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 16. gr. laga nr. 24/2005 um rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Reglugerðin tekur gildi 1. september 2005 og jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 681/1998, um rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Samgönguráðuneytinu, 20. júlí 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

26. júlí 2005 Nr. 703

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 32/2005, um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2005.

1. gr.

Í stað „62“ kr. í kafla 3.1. Frádráttur kostnaðar á móti ökutækjastyrk komi: „60“ kr.

2. gr.

Í stað fjárhæða vegna dagpeninga innanlands í kafla 3.2 Frádráttur á móti dagpeningum komi:

Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	16.500 kr.
Fyrir gistingu í eina nótt	10.800 kr.
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	5.700 kr.
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	2.850 kr.

3. gr.

Reglur þessar, eru settar með heimild í 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 26. júlí 2005.

F. h. r.
Maríanna Jónasdóttir.

Elmar Hallgríms.

Nr. 704 14. júlí 2005

REGLUGERÐ

um greiðslu verðmiðlunargjalds af kindakjöti.

1. gr.

Innheimta verðmiðlunargjalds.

Greiða skal verðmiðlunargjald af kindakjöti, sem ætlað er til sölu á innlendum markaði sem nemur kr. 5,00 á kg. Tekjum af gjaldinu skal varið til verkefna skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Bændasamtök Íslands annast álagningu gjaldsins samkvæmt söluskýrslum afurðastöðva og innheimta það mánaðarlega hjá afurðastöðvunum. Selji framleiðandi búvörur sínar beint til neytanda ber honum að standa skil á gjöldum þessum til Bændasamtaka Íslands. Gjalddagi er 25. dagur næsta mánaðar eftir sölu og eindagi 30 dögum síðar.

Verðmiðlunargjald kindakjöts er aðfararhæft.

2. gr.

Skipting tekna milli verkefna.

Markaðsráð kindakjöts sem er samstarfsvettvangur bænda og sláturleyfishafa skal gera tillögu til landbúnaðarráðherra um skiptingu árlegra tekna af verðmiðlunargjaldi milli eftirfarandi verkefna fyrir 1. mars ár hvert.

Skipta skal tekjum af verðmiðlunargjaldi milli eftirfarandi verkefna:

1. Markaðs- og kynningarstarfsemi
2. Jöfnunar á flutningskostnaði kindakjöts
3. Jöfnunar á flutningskostnaði á sláturfé.

Verja skal að hámarki 65% af árlegum tekjum til markaðsstarfs, að hámarki 35% til jöfnunar á flutningskostnaði kindakjöts og að hámarki 20% til jöfnunar á flutningskostnaði sláturfjár.

Aldrei má ráðstafa meiru en árstekjum af verðmiðlunargjaldi samanlagt til ofangreindra verkefna.